

Skólaráðsfundur

29. mars 2022 kl. 15:10

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir, Hrunð Hermannsdóttir, Alma Björk Clausen, Marek Imgront, Kolbrún Pálsdóttir, Silja Sigurðardóttir

Dagskrá fundarins:

1. Fréttir úr skólastarfinu
2. Niðurstöður úr Olweusarkönnun
3. Stefnur og áætlanir
4. Sjálfsmatsskýrsla 2020 – 2021
5. Næsta skólaár
 - a) Breytingar á skipulagi
 - b) Mönnun
 - c) Skóladagatal
6. Átthagafræði
7. Önnur mál

1. Fréttir úr skólastarfinu


- Skólastarfið að færast í fyrra horf, eftir Covid
 - Tæknimessa hjá 8.-10. bekk á fimmtudaginn
 - 9. bekkur að fara í vísindaferð
- Árshátíðir
 - Á föstudaginn á Lýsu kl. 18.00
 - Með breytti sniði norðan Heiðar, einungis nemendur og starfsfólk
- Við kynntum þessa hugmynd strax í haust en vegna Covid fannst okkur ekki ráðlegt að fara í þetta bann fyrr. Í haust fengum við hugmyndir frá nemendum um hvernig mætti bæta aðstöðu þeirra í frímínútum. Í framhaldinu af þeirri umræðu voru keyptir nýir sófar, töflum komið fyrir á göngum skólans, spilum var fjölgað og nemendur gátu farið í valda leiki í íþróttahúsinu. Við munum halda áfram að hlusta eftir óskum nemenda og reyna að verða við þeim.
- Aðalástæða þess að símarir eru ekki leyfðir er sú að þeir valda truflun, bæði í kennslustundum og í hinum frjálsa tíma (frímínútum). Einbeiting nemenda þverr og síminn á hug þeirra allan.
- Við óskum eftir góðu samstarfi við foreldra og viljum að símarir séu geymdir heima.




2. Niðurstöður úr Olweusarkönnun

- Hin árlega Olweusarkönnun var lögð fyrir á haustönn 2021 fyrir skólaárið 2021-2022 í umsjón verkefnisstjóra Olweusar. Nemendur í 5.-10. bekk tóku þátt og var könnunin tekin á rafrænu formi. Svarhlutfall var 87,3%.
- Niðurstöður sýna að meirihluta nemenda líkar mjög vel eða vel í skólanum eða 74,8% en nemendum sem líður illa eða mjög illa í skólanum eru 3,9%. Um 22,3% nemenda líkar hvorki vel né illa í skólanum. Alls hafa 8,7% nemenda í 5.-10. bekk orðið fyrir einelti tvisvar til þrisvar sinnum í mánuði eða oftar, alls níu nemendur. Það er sami fjöldi og í fyrra. Sjá mynd

Hvernig líkar nemendum í skólanum?



Hlutfall nemenda í 5.-10. bekk sem höfðu orðið fyrir einelti 2-3 í mánuði eða oftar



3. Stefnur og áætlanir

- Stofnaður stýrihópur í skólanum um: Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni
- Grunnskólarnir stóðu saman að þessum stefnum

- Stefna um líkamlegt inngríp
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir á Snæfellsnesi
- Málstefna fyrir Snæfellsbæ - <https://sites.google.com/gsnbskoli.is/malstefnasnb/home>
- Áætlun um öryggi og heilbrigði - Vinnueftirlitið
 - Stefna
 - Úttekt á öllum starfstöðvum
 - Keyptum loftgæðamæli til að fylgjast með
 - Úrbótaáætlun
- Vinnsluskra fyrir skólann
 - Skjalavistunarstefna

4. Sjálfsmatsskýrsla 2020 – 2021

- Komin út og er á heimasíðu - https://www.gsnb.is/files/ugd/78b0ab_d0997b5024c347289d64603fa003b04b.pdf
- Hvet ykkur til að skoða vel
- Nýtt í henni að það eru kaflar um niðurstöður:
 - Lesfimiþrófa
 - Milli mála
 - Samræmdra prófa
 - Olweusarkönnunar
- Stutt úrbótaáætlun

5. Næsta skólaár

Breytingar á skipulagi – 5. bekkur

- a) Húsnæðislega séð er best að 5. bekkur verði á Sandi næsta skólaár.
 - a. Ekki laus stofa í Ólafvík (þurfa tvær)
 - b. Það verður laus stofa á Hellissandi
- b) Næsta skólaár verði þá:
 - a. 87 nemendur í 1.-5. bekk
 - b. 56 nemendur í 6. og 7. bekk
 - c. 53 nemendur í 8.-10. bekk
 - d. 17 nemendur í 1.-10. bekk á Lýsu
- c) Skipulagsmál

- a. 1.-4. bekkur með 30 kest
- b. 5.-7. bekkur með 35 kest
- c. Þurfum að samræma tímatöflur, byrja fyrr á Hellissandi
- d. Erum að vinna fyrstu drög að stundatöflu
- e. Skólabíll – funda með Hafþóri
- f. Flóknara en við héldum í upphafi – þarf að skoða allt sem hugsanlega getur komið upp

Eiga gott samtál við starfsfólk

- Ábendingar og spurningar vel þegnar
- Búið að kynna fyrir nemendum og foreldrum

Mönnun

Næsta skólaár - mönnun

- Það sem við vitum í dag
 - Kristín Þórðar, Lovísa og Eva Hannesar hætta
 - Fadel, Guðríður Þórðar og Eygló Bára hafa sagt stöðum sínum lausum – þau voru öll í ársleyfi
 - Elfa E. Ármannsdóttir aðstoðarskólastjóri hettir í vor
 - Breyting á stöðuhlutföllum og færsla á starfsfólki
- Draumurinn er að auglýsa eftir kennurum fyrir páska

Næsta skólaár - stjórnun

Í dag:

- Stóra stjórnunarteymið: Hilmar, Elfa, Lilja, Rósa, Hulla, Magga Gróa, Katrín og Kiddý – 8
- Litla stjórnunarteymið: Hilmar, Elfa, Lilja og Rósa – 4
- Í dag eru Rósa, Lilja og Elfa „fastar“, fara ekki á milli starfstöðva – með frávikum

Í öllum ógnunum felast tækifæri:

- Ekki verður auglýst eftir nýjum stjórnanda við brotthvarf Elfu. Lilja verður staðgengill
- Rósa og Kiddý verða áfram fastar á sínum starfstöðvum
 - Dreifstjórnun, norðan Heiðar
 - Verkefnastjórnar verða með fasta viðveru á starfstöðvunum, norðan Heiðar
 - Hilmar og Lilja skipta með sér viðveru á starfstöðvunum
- Grunnskóli Borgarfjarðar:
 - Líkur okkur, er með þrjár starfstöðvar
 - Voru fjórir stjórnendur, fækkuðu stjórnendum úr fjórum í þrjá
 - eru sáttar við þá breytingu og ætla ekki til baka
- Fáum Ingvar Sigurgeirsson til að leiða okkur í þessum breytingum



Skóladagatal

Skóladagatal liggur ekki fyrir en starfsmenn hafa lagt fram sínar tillögur sem á eftir að samræma.

6. Átthagafræði

- Átthagafræði
 - Flaggskip skólans
 - Skoða vel - <https://www.atthagar.is/>
 - Tilnefna - <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

Rætt um að fá sem flesta aðila til að tilnefna GSnb til Íslensku menntaverðlaunanna fyrir átthagafræðina.

7. Önnur mál

Rætt um mikilvægi þess að skoða vel niðurstöður Olweusarkönnunarinnar og vinna með þær til hagsbóta fyrir nemendur.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:57

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari